

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 67/2003**

**frá 20. júní 2003**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2003 frá 16. maí 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fœðri <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Með tilskipun 2002/32/EB er felld úr gildi frá og með 1. ágúst 2003 tilskipun 1999/29/EB <sup>(3)</sup>, sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 32. lið (tilskipun ráðsins 1999/29/EB):  
„33. **32002 L 0032**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fœðri (Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).“
2. Texti 32. liðar (tilskipun ráðsins 1999/29/EB) falli brott frá og með 1. ágúst 2003.

*2. gr.*

Texti tilskipunar 2002/32/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 1 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 115, 4.5.1999, bls. 32.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
P. Westerlund  
formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.